

# STIKLUR

um menningar- og landkynningarmál

WWW.STIKLUR.IS • 14. JÚNÍ 2006 • 3. ÁRG. • WWW.UTANRIKISRADUNEYTIÐ.IS

## Ísland á bókakaupstefnunni í Madrid 10. árið í röð

Ísland var með á Norðurlandabásnum á hinni árlegu Madrídarárbókakaupstefnu sem stóð frá 26. maí til 11. júní undir berum himni í Retiro-skrúðgarðinum þar í borg. Þetta er 10. árið í röð sem íslenskar bókmenntir eru þar á boðstólum, allt frá helstu fornsögum til nútímabókmennta.

Sendiráð Íslands í París tók enn sem fyrr þátt í samvinnu norrænu sendiráðanna í Madrid um Norðurlandabásinn.

Fjölmarga íslenska titla þýdda á spænsku mátti finna þessa daga í Norðurlandabásnum í Retiro-skrúðgarðinum í Madrid. Þar voru verk eins og *Brekkukotsánnáll* Halldórs Laxness og *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar* eftir Guðberg Bergsson, en Enrique Bernárdez hefur þýtt hvort tveggja; *Englar alheimsins* eftir Einar M. Guðmundsson og *Slóð fiðrildanna* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson sem José Anontio Fernández Romero þýddi; eða *Pósthólf dauðans* eftir Kristín R. Ólafsson. Íslenskar fornbókmenntir vantaði ekki heldur en þar mætti nefna *Eddukvæði* og *Snorraeddu*, sem Luis Lerate þýddi, *Njálu* (þýð.: E. Bernárdez), *Gísli sögu Súrssonar* (þýð.: J.A. Fernández Romero), *Eyrbyggju* (þýð.: María Pilar Fernández Álvarez og Teodoro Manrique), *Ynglingasögu* (þýð.: Santiago Ibáñez) og sjálfa *Bósasögu* sem Mariano González Campo hefur þýtt.



Norðurlandabás bókakaupstefnunnar í Retiro-skrúðgarðinum í Madrid

Þetta er 65. árið sem bókakaupstefnan í Madrid er haldin þar sem bóksalar, bókaútgáfur, dreifendur, opinberar stofnanir og menningarstofnanir bjóða bækur sínar í 346 sölubá-

sum. Á hvert sækja rúmlega 3 milljónir gesta þessa miklu bókahátíð en meðfram henni eru skipulagðir ýmis konar menningarviðburðir. Í ár voru þeir um 300 og þar vakti einn sérlega athygli. Það er sýningin *Jörðin séð úr lofti*: eitthundrað ægifagarar ljósmyndir eftir Frakkann Yann-Arthus Bertrand af tugum staða á jarðkúlunni; þar á meðal *Bláa lóninu*.

## Kynniferð fyrir þýska menningarfulltrúa til Íslands

Sendiráð Íslands í Berlín og Kynningarmiðstöð Íslenskrar Myndlistar, CIA.IS skipulögðu ferð fyrir sjö þýska menningarfulltrúa til Íslands frá 17. – 21. maí sl.



Þýsku menningarfulltrúarnir heimsóttu m.a. helstu listasöfn og gallerí í Reykjavík

Um var að ræða virta sýningarstjóra og safnstjóra á sviði nútímamyndlistar auk menningarblaðamanns og framkvæmdastjóra menningarstofnunar sambandslandsins Nordrhein Westfalen. Fulltrúarnir sem komu frá Berlín, Köln og München heimsóttu helstu myndlistarsöfn Reykjavíkur og nokkur gallerí auk þess að fá sérstakar kynningar á vegum Reykjavíkurborgar, Listahátíðar og Nýlistasafnsins. Fulltrúarnir voru kynntir fyrir fjölda íslenskra myndlistarmanna og fagaðila á sviði myndlistar s.s. í móttöku á vegum þýska sendiherrans í Reykjavík, í kvöldverði í boði menntamálaráðuneytisins og móttöku sem haldin var í tengslum við nýtt verkefni Roni Horn. Komið var á fundum fyrir nokkra fulltrúa með íslenskum bókmenntaaðilum og framleiðendum listrænna heimildamynda, auk þess sem þeir sóttu nokkra íslenska fatahönnuði heim og kynntu sér það nýjasta í útgáfu popp- og nútímátónlistar á Íslandi. Kynniferðin var í boði utanríkis- og menntamálaráðuneytisins. Ferðin var veglega studd af Icelandair og Nordica hótelinu, auk Bláa Lónsins.

